

Nr. 1022

29. október 2015

AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið:

1. að hámarkshraði á Elliðabraut verði 30 km/klst. frá bílastæði við Björnslund að hringtorgi;
2. að bílastæði verði bönnuð við hægri brún vegar á Holtavegi frá innkeyrslu að Langholts-skóla að Langholtsvegi; Bannið er merkt með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
3. að merkt verði bílastæði fyrir hreyfihamlaða við leikskólann Laufásborg að Laufásvegi 53-55. Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.21, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 29. október 2015.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. nóvember 2015